


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	BHE 301 Hemlar vökvahemlar II Kennsluáætlun 3 önn haust 2013	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 1		

Kennari	Bragi Finnbogason	Sk.st.	BFI
----------------	-------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Farið er yfir virkni höfuðdælu og stjórnbúnaðar í vökvakerfum, áhersla lögð á eftirfarandi þætti: Þrýstijöfnun, hleðsluskynjun, þrýstítakmörkunar- og viðvörunarbúnað. Nemendur kynnst vinnuaðferðum við prófanir, stillingar og þjálfast í hemlunarprófunum. Þá læra þeir að meta slit og ástand skála og diska og æfast í að renna diska.

Markmið:

Nemandi þekki: Höfuðdælu og stjórnbúnað í vökvakerfum: þrýstijöfnun, hleðsluskynjun, þrýstítakmörkunar- og viðvörunarbúnað. Tæki sem notuð eru til að renna hemladiska vinnubrögð við að þvo/hreinsa íhluti og meðhöndla fyrir samsetningu.

Nemandi geti: Lýst virkni og metið ástand og virkni höfuðdælu og stjórnbúnaðar vökvahemlakerfis, lýst virkni og metið ástand og virkni þrýstijöfnunar, hleðsluskynjunar, þrýstítakmörkunar- og viðvörunarbúnaðar vökvahemla. Rennt hemladiska, gert viðeigandi stillingar í hemlakerfi, þ.m.t. stöðuhemlum og gert ítarlega hemlaprófun.

Námsgögn:

Modern Automotive Technology 1. Útg. 2006

Ritstjóri þýsku útgáfunnar er Rolf Gscheidle, Studiendirektor, Winnenden- Stuttgart.

Reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004.

Áætlun um yfirferð:

Nemendum kynnt námsefni lotunnar: Farið er yfir virkni höfuðdælu og stjórnbúnaðar í vökvakerfum og tekinn er sundur hemla búnaður bifreiðar metið ástand hans og settur aftur saman. Nemendur renna hemladiska, taka sundur höfuðdælu og setja aftur saman. Nemendur vinna 1. verkefni og þreyta verklegt próf og bóklegt lokapróf.

Verkefni:

Nemendur vinna 1 bóklegt verkefni.


Námsmat og vægi námsþátta:


Verklegt próf 25%. Bóklegt lokapróf 25%. Verkefni 30%. Ástundun 20%.

Annað:

Einkunn fyrir liðinn ástundun byggist þannig upp hafi nemandi minni viðveru en 90% er hámarks einkunn 5 ef nemandi hefur 79% viðveru eða minna er einkunnin 0. Ef nemandi hefur 100% viðveru en sýnir lítin áhuga á þeim verkefnum sem unnið er að eða vinnur þau ekki að mati kennara lækkar þessi einkunn og getur einnig endað í 0. Sé um veikindi að ræða gilda almennar reglur skólans.

Dagsetning: 20.8.2013


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils